



*Alþingi*

*Erindi nr. P 122/744*

*komudagur 7.4.'98*

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Rvík

6.4. 1998

Varðar: Frumvarp til laga um breyt. á l. um framl., verðl. og sölu á búvörum

Vinnumálasambandið hefur fengið ofar skráð frumvarp til umsagnar frá formanni landbúnaðarnefndar Alþingis.

Svo sem fram kemur á fylgiskjali II. með frumvarpinu hefur Vinnumálasambandið átt fulltrúa í nefnd við undirbúning málsins, og hafa sjónarmið þess fyrir hönd afurðastöðvanna því þegar komið fram.

Ástæða er til að ítreka að þetta frumvarp byggist á flóknu og viðkvæmu samkomulagi sem náðist við undirbúning málsins og má telja forsendu þess að sú niðurstaða gat orðið að stefnt skyldi að róttækum umskiptum í rekstrarumhverfi búvara nú á næstunni.

Jafnframt er ástæða til að ítreka að ýmsar athugasemdir og fyrirvarar voru gerðir í undirbúningi málsins við þær hugmyndir sem birtast einkum í 14. gr. frumvarpsins og fela í sér opinber afskipti af viðskiptum bænda með greiðslumark sín í millum. Var m.a. bent á takmarkað gagn að slíkri ihlutun.

Að öðru leyti og með þeim fyrirvörum sem áður hafa komið fram leyfir Vinnumálasambandið sér að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Vinnumálasambandsins

Jón Sigurðsson